

Nefndarsvið Alþingis
B.t. Umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2019

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um uppgræðslu lands og ræktun túna – 397 mál (201903-0012)

Óskað var eftir umsögn Landssamtaka sauðfjárbænda um tillögu til þingsályktunar um uppgræðslu lands og ræktun túna. Stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda hefur farið yfir efni frumvarpsins og vilja koma eftirfarandi á framfæri.

Frumvarpið styður við þau verkefni sem nú þegar eru í gangi hjá sauðfjárbændum á sviðið landgræðslu t.d. í gegnum verkefnið Bændur græða landið. Þá hafa sauðfjárbændur mótað sér stefnu í loftslagsmálum sem þetta frumvarp styður við.

Mikilvægt er að við viðhöldum í ræktun þeim túnnum sem til eru í dag og varðveita þannig til framtíðar þau verðmæti sem felast í ræktunarlandi. Miðað við spár um mannfjöldaþróun í heiminum og þróun matvælaframleiðslu verður þörf á að nýta allt ræktunarland til matvælaframleiðslu í fyrirsjáanlegri framtíð.

Landssamtök sauðfjárbænda styðja eindregið að þingsályktunin verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka sauðfjárbænda

Oddný Steina Valsdóttir

Oddný Steina Valsdóttir
Formaður